

## Reglugerð nr. 33 um Meistaramót í víðavangshlaupum

### 1. gr. - Inngangur og úthlutun meistaramóts

Hlaupið heitir Meistaramót Íslands í víðavangshlaupi.

FRÍ úthlutar framkvæmd Meistaramóta Íslands í víðavangshlaupi til aðildarfélags FRÍ. Heimilt er að fela framkvæmdaraðila utan FRÍ framkvæmd meistaramótsins.

### 2. gr. - Hlaupaleið

Hlaupið má fara fram á misjöfnu undirlagi, þó ekki malbiki.

### 3. gr. - Keppnisréttur

Um keppnisréttur fer samkv. reglugerð 30.3 um meistaramót í lengri hlaupum.

### 4. gr. - Skráning

Allir skráðir þátttakendur eru sjálfkrafa skráðir þátttakendur í Íslandsmeistaramótinu.

Í skráningu skal koma fram fullt nafn, kyn, kennitala, ríkisfang, aðildarfélag FRÍ og heiti hlaupahóps eftir því sem við á.

### 5. gr. - Íslandsmeistaratitlar

Kept er um sæmdartitilinn, Íslandsmeistari í víðavangshlaupum í öllum flokkum, sem tilgreindir eru í reglugerð nr. 26 um aldursflokkaskiptingu og verðlaun veitt samkvæmt reglugerð 30.3 um meistaramót í lengri hlaupum.

### 6. gr. - Vegalengd og keppnisflokkar

Aldursflokkar keppa saman í keppnisflokkum sem miða við eftirfarandi vegalengdir:

14 ára og yngri	u.þ.b. 1,5 km
15-17 ára	u.þ.b. 3 km
18-19 ára	u.þ.b. 4,5 km
20 ára og eldri	u.þ.b. 7,5 km

Framkvæmdaraðila er heimilt að láta flokka hlaupa saman, eftir því sem talið er henta og því komið við vegna fjölda keppenda í flokkum.

### 7. gr. - Sveitakeppni

Hlaupin skulu vera sveitakeppni milli félaga og skal þar keppt um bikar. Keppt skal í þriggja manna sveitum í þeim flokkum, sem tilgreindir eru í 6. grein.

Sú sveit ber sigur úr býtum sem fæst fær stigin skv. samanlagðri raðtölu þeirra meðlima sveitarinnar sem stig hljóta í mark. Raðtölur allra keppenda í mark, hvort sem þeir fylla sveit eða ekki, teljast með til hækkunar raðtölum einstakra keppenda.

### **8. gr. - Vísun í aðrar reglugerðir**

Framkvæmdaraðili skal eftir atvikum styðjast við reglugerð um 34. Reglugerð um Meistaramót Íslandsmót í götuhlaupum.

### **Saga**

1. Stjórnarsamþykkt 2014, breytt 2018.
2. Uppfært af stjórn FRÍ og birt á nýju formi 21. febrúar 2023.
3. Uppfært skv. ákvörðun þings 2024.
4. Uppfært fyrir kynning á Formannafundi des 2024. Nú vísað í reglugerðir í stað þess að endurtaka í þessari reglugerð. Einnig nýjar vegalengdir og styttri settar inn í samræmi við samþykktir á Norðurlandagrunni.